

126/68 fundur

Föstudaginn 31.maí 2002, kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 12:10 með léttum hádegisverði.

Mættir: Oddur Skúlason, Henry Ásgrímsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Þorsteinn Þorbergsson, Björn Ingimarsson og Steinn Karlsson.

Oddviti setti fund og bauð menn velkomna, óskaði eftir breytingu á dagskrá, skýrsla sveitarstjóra, sem er 3. liður á útsendri dagskrá falli niður og í stað komi skólamál. Samþ. samhljóða. Einnig óskaði oddviti að taka á dagskrá fundargerð skólamálaráðs 30.05.02. Samþ. samhljóða.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefndarfundur 10.05.02. Samþ.samhljóða
- Aukahreppsnefndarfundur 22.05.02. Samþ.samhljóða
- Aukahreppsnefndarfundur 24.05.02. Samþ.samhljóða
- Húsnæðisnefnd 08.05.02. Samþ. samhljóða
- Húsnæðisnefnd 15.05.02. Samþ. samhljóða
- Bygginganefnd 22.05.02. Samþ. samhljóða
- Skólamálaráð 30.05.02 Oddviti vísaði umræðum um fundargerðina í dagskrárlið 3. Skólamál. Samþ. samhljóða.

2. mál. Innsend erindi.

Til afgreiðslu.

- Aðalfundur H.Þ. 31.05.02 - Fulltrúi.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga, sem samþ. var samhljóða:

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps felur oddvita Sigurði Ragnari Kristinssyni og sveitarstjóra Birni Ingimarssyni að fara með hluti Þórsh.hr (14.500.000 hluti) og dótturfélags þess Fræs ehf (12.815.432 hluti) í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf, á aðalfund félagsins föstudaginn 31.maí 2002.

- Aðalf. Atvinnuþróunarf.Þingeyinga 03.06.02. Oddviti lagði til að Björn sæti fundinn fyrir Þórshafnarhrepp. Samþ. samhljóða.
- Fundur Héraðsnefndar 05.06.02. Oddviti lagði til að Björn sæti fundinn f.h. Þórshafnarhrepps. Samþ. samhljóða.
- Aðalfundur Tækifæris 05.06.02. Oddviti lagði til að enginn færi á fundinn. Samþ. samhljóða.
- Skógræktarfélag Íslands - Styrkur vegna Landgræðsluskóga. Oddviti óskaði eftir að Björn kynnti erindið, sem hann og gerði. Samþ. að styrkja verkefnið um kr. 30.000.-
- Myndband vegna forsetaheimsóknar - styrkumsókn. Björn sveitarstjóri kynnti málið. Erindinu hafnað, en samþykkt að kaupa 1-3 myndbönd.

Til kynningar.

- Fundargerð. Ársfundur Lífeyrissjóðs Norðurlands. 18.04.02.

3. mál. Skólamál.

- Björn kynnti framvindu mála og las nokkur bréf og kynnti samtöl milli skólastjóra og sveitarstjóra, miklar umræður urðu um skólamál og tjáðu allir fundarmenn skoðun sína. Tillaga frá oddvita " Sveitarstjóra og oddvita er falið að ræða við stjórn foreldrafélags og foreldraráð, varðandi fyrirspurn í bréfi dags. 16. maí s.l., jafnframt er sömu aðilum falið að ræða við kennara við fyrsta tækifæri um skólastarfið, ennfremur er sveitarstjóra heimilað í samráði við skólastjóra að auglýsa starf skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn laust til umsóknar." Samþ. með 4 atkvæðum. Oddur greiddi atkvæði á móti og óskaði eftir eftirfarandi bókun: " Á grundvelli fundargerðar skólamálaráðs 30.05.02 og bréfs kennara, stílað á skólamálaráð dags. 30.05.02 tel ég núverandi skólastjóra hæfa til endurráðningar"

Oddur þakkaði sveitarstjórn, sveitarstjóra og ritara gott samstarf á liðnum árum, er að fara í sumarfrí.

Dagskrá tæmd.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Oddviti sleit fundi kl. 14:09

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.